

Nd.

**319. Frumvarp til laga**

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lifeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

**1. gr.**

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er félögum sjómanna að tryggja starfsmenn sina í sjóði þessum. Sömu-  
leiðis er útgerð farskipa, varðskipa og togara heimilt að tryggja skipverja sína,  
þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokk-  
unarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Sjómönum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, er heimilt  
að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum  
sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Óhætt er að fullyrða, að með setningu laga um lifeyrissjóð togarasjómanna  
árið 1956 hafi verið stigið eitt stærsta skrefið í félagslegum umbótum fyrir sjó-  
menn. Þenn náðist merkur áfangi í þessu máli árið 1962, er Alþingi breytti lögum  
þessum á þann veg, að undirmenn á farskipum, sem höfðu um nokkurt árabil  
haft samninga um lifeyrissjóðsgreiðslur útgerðanna, fengu aðild að lifeyrissjóði  
togarasjómanna. Nefnist sjóðurinn eftir þessa breytingu Lifeyrissjóður togarasjó-  
manna og undirmanna á farskipum, og má fullyrða, að þessi breyting hafi orðið  
sjóðnum til styrktar og eflingar og þeim sjómönum, sem hlut áttu að máli, til auk-  
ins öryggis. Hann mun nú vera annar stærsti lifeyrissjóður landsins, og eru eignir  
hans yfir 70 milljónir króna.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um aðild annarra sjómanna en að framan  
getur að sjóði þessum, þótt nú megi eygja lausn þess vandamáls á næstu árum.

Á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa komið í ljós nokkrir ann-  
markar, sem þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að ráða bót á.

Eins og lög nr. 78 frá 28. apríl 1962 hljóða nú, geta ekki aðrir sjómenn en  
þeir, sem lögskráðir eru á skip, átt aðild að sjóðnum. Er þetta mjög bagalegt fyrir  
félög og samtök sjómanna, sem af þessari ástæðu fá ekki til starfa fyrir sig sjó-  
menn, sem aðild eiga að sjóðnum og vilja ekki tapa réttindum sinum þar.

Ekki er lögskráð á skip, meðan þau eru í lengri viðgerðum. Útgerðir telja  
þó oft og tíðum nauðsynlegt, að hluti skipverja vinni við skip, er svo stendur á,  
og virðist eðlilegt, að heimilt sé að halda við lifeyrissjóðsréttindum undir þeim  
kringumstæðum. Sömuleiðis getur útgerð þurft að fá skipverja til að vinna um  
stundarsakir í landi að útgerð skipsins, eða hann bíði eftir öðru skipi útgerðar,  
og virðist eðlilegt, að heimildin sé einnig fyrir hendi, er svo stendur á.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess, að skipafloti okkar eigi alltaf að skipa  
velmenntuðu og fullþjálfuðu starfsfólk i þær stöður á skipum okkar, er sliks  
krefjast. Þetta er ekki einungis til hagsbóta útgerðinni sjálfri heldur allri áhöfn,  
auk þess sem öryggi skips og áhafnar vex. Þess munu finnast dæmi, að sjómenn  
hafi hætt við að leita sér fræðslu í skóla eða á námskeiðum til undirbúnings  
starfi sínu á skipi vegna skerðingar á réttindum úr framangreindum lifeyrissjóði.  
Pegar svo er komið, virðist augljóst, að úrbóta er þörf. — Virðist eðlilegt, að  
heimildin gildi einnig fyrir þá sjómenn, sem veikjast eða slasast, meðan þeir eru í  
starfi sem sjómenn.